



Fundargerð

Tilv. 1701020/1.7

Fundur: Grisjunarráð 2/2017.
Dagsetning og tími: 16. febrúar 2017, kl. 11.
Boðaðir: Eiríkur G. Guðmundsson þjóðskjalavörður, Njörður Sigurðsson sviðsstjóri skjalasviðs og Svanhildur Bogadóttir borgarskjalavörður
Mættir: Allir mættir
Fundarritari: Njörður Sigurðsson, sviðsstjóri upplýsinga- og skjalasviðs

Dagskrá:

1. Samþykkt og undirritun fundargerðar grisjunarráðs frá 4. janúar 2017.
2. Grisjunarbeiðni Fiskistofu dags. 30. mars 2016 – bókhald Fiskræktarsjóðs (málsnr. 1603044).
3. Grisjunarbeiðni Fiskistofu dags. 30. mars 2016 – yfirvinnuskýrslur eftirlitsmanna (málsnr. 1603046).
4. Grisjunarbeiðni Fiskistofu dags. 30. mars 2016 – skil á tekjum (málsnr. 1603047).
5. Grisjunarbeiðni Sjúkratrygginga Íslands dags. 6. júní 2016 – gögn sjúkradagpeninga (var á fundi 10. október 2016) (málsnr. 1606008).
6. Grisjunarbeiðni Héraðsdóms Vesturlands dags. 18. júlí 2016 – hljóð- og myndbandsupptökur eldri en þriggja ára (var á fundi 9. nóvember 2016) (málsnr. 1607015).
7. Tilkynning Náttúrufræðistofnunar um rafrænt gagnakerfi Geymsluskrá NÍ dags. 15. júlí 2016 – ákvörðun um grisjun (málsnr. 1610043).
8. Grisjunarbeiðni Ferðamálastofu dags. 3. nóvember 2016 – fylgiskjöl bókhalds (málsnr. 1611009).
9. Grisjunarbeiðni Ríkislögreglustjórans dags. 15. desember 2016 – starfsmannasamtöl (málsnr. 1611057).
10. Grisjunarbeiðni Norræna hússins dags. 4. janúar 2017 – fylgiskjöl bókhalds (málsnr. 1701025).
11. Grisjunarbeiðni utanríkisráðuneytisins dags. 9. janúar 2017 – fylgiskjöl bókhalds (málsnr. 1701040).
12. Grisjunarbeiðni Rannsóknamiðstöðvar Háskólans á Akureyri dags. 18. janúar 2017 – hreyfingalistar (málsnr. 1701077).
13. Grisjunarbeiðni Rannsóknamiðstöðvar Háskólans á Akureyri dags. 18. janúar 2017 – vinnugögn vegna rannsókna (lög og reglur, greinar og skýrslur) (málsnr. 1701075).
14. Grisjunarbeiðni Rannsóknamiðstöðvar Háskólans á Akureyri dags. 18. janúar 2017 – vinnugögn vegna rannsókna (skýrslur með yfirliti verkskráninga) (málsnr. 1701076).



15. Grisjunarbeiðni Rannsóknamiðstöðvar Háskólans á Akureyri dags. 18. janúar 2017 – vinnugögn vegna rannsókna (viðtalsvísar) (málsnr. 1701079).
16. Grisjunarbeiðni Rannsóknamiðstöðvar Háskólans á Akureyri dags. 18. janúar 2017 – vinnugögn vegna rannsókna (styrkumsóknir frá RHA, t.d. til Norrænu ráðherranefndarinnar) (málsnr. 1701080).
17. Grisjunarbeiðni Samskiptamiðsvöðvar heyrnarlausra dags. 30. janúar 2017 – túlkablöð, túlkapantanir (málsnr. 1701098).
18. Grisjunarbeiðni Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra dags. 30. janúar 2017 – fylgiskjöl bókhalds (málsnr. 1701099).

Þjóðskjalavörður setti fund og gengið var til dagskrár.

1. Samþykkt og undirritun fundargerðar grisjunarráðs frá 4. janúar 2017.

Fundargerð grisjunarráðs frá 4. janúar 2017 samþykkt og undirrituð.

2. Grisjunarbeiðni Fiskistofu dags. 30. mars 2016 – bókhald Fiskræktarsjóðs (málsnr. 1603044).

Beiðnin var samþykkt. Fiskistofu er heimilt að eyða umbeðnum fylgiskjöllum bókhalds sem ná yfir tímabilið 2002–2008 sjö árum eftir að reikningsári lýkur með því skilyrði að varðveita sem sýnishorn öll fylgiskjöl frá apríl, ágúst og desember fyrir ár sem enda á 5 (2005). Forsenda ákvörðunarinnar er að fylgiskjöl bókahalds innihalda upplýsingar sem eru notaðar við færslu bókhalds og hafa því tímabundið gildi. Sýnishornataka eins og með önnur bókhaldsgögn.

3. Grisjunarbeiðni Fiskistofu dags. 30. mars 2016 – yfirvinnuskýrslur eftirlitsmanna (málsnr. 1603046).

Beiðnin var samþykkt. Fiskistofu er heimilt að eyða umbeðnum yfirvinnuskýrslum eftirlitsmanna sem ná yfir tímabilið 2004–2008 sjö árum eftir að reikningsári lýkur með því skilyrði að varðveita sem sýnishorn öll fylgiskjöl frá apríl, ágúst og desember fyrir ár sem enda á 5 (2005). Forsenda ákvörðunarinnar er að líta ber á skjölin sem fylgiskjöl bókahalds og innihalda þau upplýsingar sem eru notaðar við færslu bókhalds og hafa því tímabundið gildi. Sýnishornataka eins og með önnur bókhaldsgögn.

4. Grisjunarbeiðni Fiskistofu dags. 30. mars 2016 – skil á tekjum (málsnr. 1603047).

Beiðnin var samþykkt. Fiskistofu er heimilt að eyða umbeðnum skjöllum um skil á tekjum sem ná yfir tímabilið 2004–2008 sjö árum eftir að reikningsári lýkur með því skilyrði að varðveita sem sýnishorn öll fylgiskjöl frá apríl, ágúst og desember fyrir ár sem enda á 5 (2005). Forsenda ákvörðunarinnar er að líta ber á skjölin sem fylgiskjöl bókahalds og innihalda þau upplýsingar sem eru notaðar við færslu bókhalds og hafa því tímabundið gildi. Sýnishornataka eins og með önnur bókhaldsgögn.



5. Grisjunarbeiðni Sjúkratrygginga Íslands dags. 6. júní 2016 – gögn sjúkradagpeninga (var á fundi 10. október 2016) (málsnr. 1606008).

Beiðninni var hafnað. Sjúkratryggingar Íslands geta sótt um heimild til grisjunar að nýju þegar rafrænt gagnakerfi, sem innheldur sömu upplýsingar, hefur verið tilkynnt og samþykkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

6. Grisjunarbeiðni Héraðsdóms Vesturlands dags. 18. júlí 2016 – hljóð- og myndbandsupptökur eldri en þriggja ára (var á fundi 9. nóvember 2016) (málsnr. 1607015).

Beiðninni var hafnað. Með lögum nr. 49/2016 um breytingu á lögum um meðferð einkamála og sakamála (millidómstig) hefur ákvæði um varðveislu hljóð- og myndupptaka verið breytt (8. og 40. gr.) og mun breytingin taka gildi frá og með 1. janúar 2018. Ákvæði um varðveislu hljóð- og myndupptaka í lögum nr. 91/1991 um meðferð einkamála er svohljóðandi: „Hljóðritanir og myndbönd skv. 3. mgr. 11. gr. skulu varðveitt í minnst þrjú ár frá lokum dómsmáls.“ Í lögum nr. 88/2008 um meðferð sakamála er sambærilegt ákvæði: „Hljóðritanir, myndbönd og mynddíska skv. 3. mgr. 13. gr. skal varðveita í minnst þrjú ár frá lokum dómsmáls.“ Eftir að breytingin í lögum nr. 49/2016 hefur tekið gildi verður ákvæðið bæði í einkamálalögum og sakamálalögum svohljóðandi: „Dómabækur, þingbækur, framlögð skjöl og hljóð- og myndupptökur skal varðveita í skjalasafni hlutaðeigandi dómstóls þar til þau verða afhent Þjóðskjalasafni.“

Með þessari breytingu má sjá að vilji löggjafans er að ofangreind gögn verði varðveitt í Þjóðskjalasafni Íslands og telur grisjunarráð að rétt sé að taka mið af þeim vilja þó að lögin taki ekki gildi fyrir en 1. janúar 2018.

7. Tilkynning Náttúrufræðistofnunar um rafrænt gagnakerfi Geymsluskrá NÍ dags. 15. júlí 2016 – ákvörðun um grisjun (málsnr. 1610043).

Samþykkt að ekki þurfi að afhenda rafræn gögn úr gagnakerfinu Geymsluskrá NÍ í forni vörsluútgáfu. Samþykkt að heimila grisjun á rafrænum gögnum úr kerfinu þegar hagnýtu og stjórnsýslulegu gildi gagnanna er lokið. Forsenda ákvörðunarinnar er að gögnin í gagnagrunninum eru geymsluskrá yfir pappírsskjalasafn Náttúrufræðistofnunar sem hefur verið komið í varanlega varðveislu til Þjóðskjalasafns Íslands og eru gögnin varðveitt þar í skjalaskrá safnsins.

8. Grisjunarbeiðni Ferðamálastofu dags. 3. nóvember 2016 – fylgiskjöl bókhalds (málsnr. 1611009).

Beiðnin var samþykkt. Ferðamálastofu er heimilt að eyða umbeðnum fylgiskjölum bókhalds sem myndast hafa frá árinu 2008 sjö árum eftir að reikningsári lýkur með því skilyrði að varðveita sem sýnishorn öll fylgiskjöl frá apríl, ágúst og desember fyrir ár sem enda á 0 og 5. Forsenda ákvörðunarinnar er að fylgiskjöl bókahalds innihalda upplýsingar sem eru notaðar við færslu bókhalds og hafa því tímabundið gildi. Sýnishornataka eins og með önnur bókhaldsgögn.



9. Grisjunarbeiðni Ríkislögreglustjórans dags. 15. desember 2016 – starfsmannasamtöl (málsnr. 1611057).

Afgreiðslu beiðnarinnar var frestað. Ákveðið að leita lögfræðilegs álits á málinu.

10. Grisjunarbeiðni Norræna hússins dags. 4. janúar 2017 – fylgiskjöl bókhalds (málsnr. 1701025).

Beiðnin var samþykkt að hluta. Norræna húsinu er heimilt að eyða umbeðnum fylgiskjölum bókhalds sem ná yfir tímabilið 1968–2016 sjö árum eftir að reikningsári lýkur með því skilyrði að varðveita sem sýnishorn öll fylgiskjöl frá apríl, ágúst og desember fyrir ár sem enda á 0 og 5. Forsenda ákvörðunarinnar er að fylgiskjöl bókahalds innihalda upplýsingar sem eru notaðar við færslu bókhalds og hafa því tímabundið gildi. Sýnishornataka eins og með önnur bókhaldsgögn. Norræna húsið skal varðveita í skjalasafni sínu starfsmannalista sem tilgreindir eru í grisjunarbeiðninni.

11. Grisjunarbeiðni utanríkisráðuneytisins dags. 9. janúar 2017 – fylgiskjöl bókhalds (málsnr. 1701040).

Beiðnin var samþykkt. Utanríkisráðuneytinu er heimilt að eyða umbeðnum fylgiskjölum bókhalds sem ná yfir tímabilið 1961–2016 sjö árum eftir að reikningsári lýkur með því skilyrði að varðveita sem sýnishorn öll fylgiskjöl frá apríl, ágúst og desember fyrir ár sem enda á 0 og 5. Forsenda ákvörðunarinnar er að fylgiskjöl bókahalds innihalda upplýsingar sem eru notaðar við færslu bókhalds og hafa því tímabundið gildi. Sýnishornataka eins og með önnur bókhaldsgögn.

12. Grisjunarbeiðni Rannsóknamiðstöðvar Háskólans á Akureyri dags. 18. janúar 2017 – hreyfingalistar (málsnr. 1701077).

Beiðnin var samþykkt. Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri er heimilt að eyða umbeðnum hreyfingalistum sem ná yfir tímabilið 1997–2016 sjö árum eftir að reikningsári lýkur með því skilyrði að varðveita sem sýnishorn öll fylgiskjöl frá apríl, ágúst og desember fyrir ár sem enda á 0 og 5. Forsenda ákvörðunarinnar er að líta ber á skjölin sem fylgiskjöl bókahalds innihalda upplýsingar sem eru notaðar við færslu bókhalds og hafa því tímabundið gildi. Sýnishornataka eins og með önnur bókhaldsgögn.

13. Grisjunarbeiðni Rannsóknamiðstöðvar Háskólans á Akureyri dags. 18. janúar 2017 – vinnugögn vegna rannsókna (lög og reglur, greinar og skýrslur) (málsnr. 1701075).

Beiðnin var samþykkt. Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri er heimilt að eyða umbeðnum vinnugögnum vegna rannsókna (lögum og reglum, greinum og skýrslum) þegar hagnýtu gildi er skjalanna er lokið. Forsenda ákvörðunarinnar er að um afrit af útgefnu efni er að ræða.



14. Grisjunarbeiðni Rannsóknamiðstöðvar Háskólans á Akureyri dags. 18. janúar 2017 – vinnugögn vegna rannsókna (skýrslur með yfirliti verkskráninga) (málsnr. 1701076).

Beiðninni var hafnað. Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri getur sótt um heimild til grisjunar að nýju þegar rafrænt gagnakerfi, sem innheldur sömu upplýsingar, hefur verið tilkynnt og samþykkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

15. Grisjunarbeiðni Rannsóknamiðstöðvar Háskólans á Akureyri dags. 18. janúar 2017 – vinnugögn vegna rannsókna (viðtalsvísar) (málsnr. 1701079).

Beiðnin var samþykkt. Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri er heimilt að eyða umbeðnum vinnugögnum vegna rannsókna (viðtalsvísur) þegar lokaskýrsla rannsóknarverkefna hefur verið gefin út með því skilyrði að varðveita eina öskju af viðtalsvísur á fimm ára fresti sem sýnishorn. Forsenda ákvörðunarinnar er að upplýsingarnar eru birtar í lokaskýrslum rannsókna. Sýnishornatöku er krafist til að upplýsingar um verklag við rannsóknir varðveitist.

16. Grisjunarbeiðni Rannsóknamiðstöðvar Háskólans á Akureyri dags. 18. janúar 2017 – vinnugögn vegna rannsókna (styrkumsóknir frá RHA, t.d. til Norrænu ráðherranefndarinnar) (málsnr. 1701080).

Beiðninni var hafnað. Styrkumsóknir og fylgigögn þeirra ber að varðveita í málafni stofnunarinnar.

17. Grisjunarbeiðni Samskiptamiðsvöðvar heyrnarlausra dags. 30. janúar 2017 – túlkablöð, túlkapantanir (málsnr. 1701098).

Afgreiðslu beiðnarinnar var frestað. Ákveðið að leita lögfræðilegs álits á málinu.

18. Grisjunarbeiðni Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra dags. 30. janúar 2017 – fylgiskjöl bókhalds (málsnr. 1701099).

Beiðnin var samþykkt. Samskiptamiðstöð heyrnarlausra er heimilt að eyða umbeðnum fylgiskjöllum bókhalds sem ná yfir tímabilið 1990–20109 sjö árum eftir að reikningsári lýkur með því skilyrði að varðveita sem sýnishorn öll fylgiskjöl frá apríl, ágúst og desember fyrir ár sem enda á 0 og 5. Forsenda ákvörðunarinnar er að fylgiskjöl bókahalds innihalda upplýsingar sem eru notaðar við færslu bókhalds og hafa því tímabundið gildi. Sýnishornataka eins og með önnur bókhaldsgögn.

Fundi slitið kl. 12:50

Eiríkur G. Guðmundsson (sign)

Njörður Sigurðsson (sign)

Svanhildur Bogadóttir (sign)